



**Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn í  
Kvennaskólanum fimmtudaginn 20. júní 2013 kl. 10:00**

**Dagskrá:**

- 1. Starfsmannamál.**
- 2. Önnur mál**

**Arnar Þór Sævarsson bauð fundarmenn velkomna og setti fund.  
Mætt eru Katharina Schneider, Þóra Sverrisdóttir, Valgarður  
Hilmarsson og Arnar Þór Sævarsson. Þóra ritar fundargerð.**

- 1. Katharina kynnti uppsagnarbréf Gunnars Tryggva sem  
verkefnisstjóra. Hann er að fara í önnur verkefni og óskar eftir  
að ljúka störfum 29. júní. Stjórnin samþykkti að verða við hans  
óskum um starfslok. Katharinu og Arnari er falið að ræða við  
aðila varðandi framhald verkefna sem hann hefur sinnt.**

**Cat er í 50% starfi hjá Þekkingarsetrinu frá 1. júní, hún óskar  
eftir að geta verið í 100% starfi 1. júní til 31. ágúst en þá fer  
hún í fæðingarorlof. Stjórnin samþykkti það enda var búið að  
gera ráð fyrir að hún yrði í 50% starfi út árið og næg verkefni  
eru til staðar. Hún kemur svo aftur til starfa 1. mars 2014 í  
50% starf.**

- 2. Ársreikningar fóru til ráðuneytis í sumar. Rætt var um  
samþættingarhlutverk Þekkingarsetursins.**

**Rætt var um óvissu sem uppi er varðandi það að færa  
fjarnámsaðstöðu í húsnæði Kvennaskólans.**

**Þóra vék af fundi.**

**Fundin slitið.**